



# Viðhorf foreldra til skólans og skólastarfsins

Könnun gerð í apríl 2009

## Formáli


Um mánaðamótin mars/apríl 2009 var gerð könnun á viðhorfum foreldra til Salaskóla. Könnunin var gerð með könnunarforritinu Surveymonkey sem er á vefnum. Könnunin var tengd við netföng foreldra og gat hvert foreldri aðeins svarað einu sinni. 365 foreldrar svöruðu könnuninni af um 700 foreldrum sem gátu tekið þátt. 415 nemendur eru í skólanum og má leiða líkum að því að foreldrar 70% - 80% barna hafi svarað. Í 73% tilfella svöruðu mæður listanum en í 24% tilfella feður og í 3% tilfella svöruðu báðir foreldrar saman.

Könnuninni var skipt í þrennt. Sérstök könnun var lögð fyrir foreldra barna í 1. – 4. bekk, önnur fyrir foreldra barna í 5. – 7. bekk og sú þriðja fyrir unglingastigið. Í þessari skýrslu eru niðurstöður lagðar saman í þeim spurningum sem voru eins, en þær voru langflestar hinar sömu.


Í könnuninni gátu foreldrar einnig skrifað það sem þeim lá á hjarta um starf skólans og í lok skýrslunnar er útdráttur úr þeim skrifum.

Könnun þessi er liður í sjálfsmati skólans og gefur okkur sem störfum í skólanum mikilvægar vísbendingar um starfið í skólanum. Hún hjálpar okkur við að bæta starf skólans. Við gerum könnun af þessu tagi árlega og var hún fyrst lögð fyrir foreldra vorið 2008. Við höfum við samanburð núna og verður hans getið þar sem ástæða er til.

### Ertu ánægður með Salaskóla?




### Getur þú mælt með Salaskóla við aðra foreldra?




89,5 % foreldra eru mjög ánægð eða frekar ánægð með Salaskóla. Í fyrra var hlutfallið 86%. Sama hlutfall telur sig mjög svo eða frekar geta mælt með skólanum en fyrir ári síðan voru það 84%. 3,3% lýsa óánægju með skólann og litlu fleiri telja sig varla eða ekki geta mælt með honum. Fyrir ári síðan var hlutfallið 6-7 % foreldra sem lýsti óánægju með skólann og taldi sig varla geta mælt með honum við aðra foreldra. Það er þarna nokkur jákvæð breyting á milli ára.

### Ertu ánægður með kennsluna sem barnið fær?




83 % foreldra eru ánægð með kennsluna sem barnið fær á mótí 80% í fyrra. Um 6 % er óánægð á mótí 8% fyrir ári síðan. Hér er svolítill jákvæð breyting.

### Hver er skoðun þín á heimavinnu barnsins'




Flestir foreldrar eru sáttir við heimanámið og telja það hæfilegt. Athygli vekur að tæplega 28 % telja heimavinnu of litla og er það sama hlutfall og í fyrri könnun..

### Aðstoðar þú barn þitt við heimanám?




### Hvernig finnst þér þær námslegu kröfur sem gerðar eru til barnsins í skólanum?




Langflestir eru sáttir við þær námslegu kröfur sem skólinn gerir til nemenda. Athygli vekur að 19% foreldra telja kröfurnar of litlar og er það heldur minna en í fyrra en þá töldu 24 % kröfurnar þó of litlar. Í athugasemdum sem foreldrar skrifuðu við þessa spurningu kom m.a. fram ósk um meiri einstaklingsmiðun og að börnin fengju verkefni við hæfi.


### Telur þú að barnið þitt fái verkefni við hæfi í skólanum?




Þessar niðurstöður er í svipaðar spurningunni um hvort námslegar kröfur til barnsins séu hæfilegar. Álíka hlutfall telur að barnið fái verkefni við hæfi og telja námslegar körfur hæfilegar.




Hér hefur orðið nokkur breyting frá könnuninni í fyrra en þá töldu 32% foreldra agann vera of lítinn og 67% að hann væri hæfilegur.



Tæplega 52% foreldra telja mjög vel eða vel tekið á agamálum en í könnuninni árið 2008 var hlutfallið það sama. Aftur á móti töldu 11,34% foreldra í fyrra að illa væri tekið á málunum á móti 8% núna.




Niðurstaðan hér er svolítið jákvæðari en í fyrra þar sem heldur hefur fjölgað þeim foreldrum sem telja að barni sínu líði alltaf vel eða oftast. Nú er það álit 94,2% foreldra miðað við 92% foreldra í fyrra.




Í svörum foreldra í fyrra kom fram verulegur munur á milli unglingadeildar og 1. – 7. bekkjar. Í unglingadeild svöruðu 6,5 % foreldra spurningunni játandi en í yngri bekkjunum voru það 19%. Nú hefur þetta heldur lagast en 13% foreldra í 1. – 7. bekk svara spurningunni játandi og 4,5% foreldra í unglingadeild.

### Ertu sáttu við hvernig var tekið á eineltinu í skólanum?




Þessari spurningu svara þeir foreldrar sem sögðu að barnið sitt hefði orðið fyrir einelti á skólaárinu.

### Ertu ánægður eða óánægður með gæsluna á skólalóð í frímínútum?







Svör foreldra við þessari spurningu koma okkur ekki á óvart. Um þriðjungur er óánægður með gæsluna á skólalóð og er það sama hlutfall og í fyrra. Þó var brugðist við niðurstöðum þá með því að auka gæsluna. Þetta viðhorf hefur komið fram á fundum okkar með foreldrum.




Hér er hlutfall þeirra sem eru ánægðir með viðmót umsjónarkennara örlítið hærra en í fyrri könnun. Hlutfall óánægðra er hið sama.



Hlutfall þeirra sem eru ánægðir hækkar úr 87% í 91% frá fyrri könnun. Að sama skapi fækkar þeim sem eru hlutlausir.




Veruleg breyting er á viðhorfum foreldra frá því í fyrra. Þá voru 72% foreldra ánægð með upplýsingastreymið en nú eru þeir 86%.




Hér kemur fram mjög svipuð staða og í fyrri könnun. Óveruleg breyting til hins betra.


**Hefur þú haft samband við umsjónarkennara utan foreldrafunda?**



**Ertu ánægður eða óánægður með hvernig umsjónarkennari upplýsir foreldrahópinn um líðan og félagsanda í bekknum s.s. ef einelti kemur upp?**




### Hefur umsjónarkennari haft samband við þig að fyrra bragði utan foreldrafunda?




Hvað þessa spurningu varðar er algjör umsnúningur miðað við könnun ársins á undan. Þá sögðu 53% já en 47% nei. Ekki er gott að sjá hvað veldur.

### Hvernig finnst þér samstarf Salaskóla við foreldra?




Í fyrri könnun töldu 15% samstarfið vera of lítið og 85% að það væri hæfilegt.

### Hvernig finnst þér upplýsingaflæði til þín frá skólanum vera?




Niðurstaðan er sú að foreldrar eru almennt ánægðir með samskipti sín við skólann. Helst að megi bæta upplýsingaflæði frá umsjónarkennurum til foreldra um starfið í bekknum. Foreldrar vilja að kennarar noti Mentor í samskiptum, það kemur skýrt fram í athugasemdum þeirra við þessa spurningu.

### Ertu ánægður eða óánægður með hvernig Salaskóla er stjórnað?




83% foreldra eru ánægðir með stjórnun skólans nú en í fyrri könnun var hlutfallið 78%. Óánægðir eru nú tæp 5% en voru tæp 7% áður.


### Hefur barnið þitt verið í vistun í dægradvöl á þessu skólaári?



### Hver er ástæða þess að þú nýtir þér dægradvölinu?




### Viltu taka upp skólabúning í Salaskóla?



Niðurstöður hér eru mjög svipaðar og fyrir ári síðan. Helsta breytingin er að fleiri hafa ákveðna skoðun á málinu.

### Hvernig vitlu helst hafa vetrarleyfi?



Sú tilhögun sem verið hefur virðist skv. þessu vera heldur að festa sig í sessi. Í fyrra voru 53% á því að hafa þetta óbreytt.

## Athugasemdir foreldra um skólastarfið

### Gott starf

Foreldrar lýsa ánægju með starfið í skólanum. Starfsfólk fær hrós fyrir gott starf og gott viðmót. Það er í samræmi við það sem kom fram í könnunni árið áður. Foreldrum þykir ríkja metnaður hjá stjórnendum skólans og kennurum. Sem fyrr fær sérkennslan mikið hrós sem og kennsla list- og verkgreina. Þá minnst margir á fjölbreytta kennsluhætti, skák, legó, fjölgreindaleika sem góðar áherslur í starfi skólans. Ánægja kemur fram varðandi upplýsingamiðlun frá stjórnendum og kennurum þó að enn megi nokkrir kennarar taka sig á þeim efnum. Foreldrar tjá sig einnig um eineltisáætlun Salaskóla og eru ánægðir með hvernig unnið er eftir henni. „Frábær skóli sem gott er að eiga samskipti við. Barninu okkar líður vel og starfsfólkið er yndislegt.“

### Dægradvöl

Nokkur gagnrýni kom á dægradvöl skólans og ábendingar um að bæta mætti starfið þar. Foreldrar voru ánægðir með samstarf við HK og Gerplu sem og flautukennsluna. Foreldrar gagnrýndu að starfið þar fyrir utan væri of laust í reipunum, gæslu á útisvæði væri ábótavant og þar fram eftir götunum. Einnig var minnst á að meðlætið með kaffinu væri oft of lítið. Þá var aðstaðan gagnrýnd og að álag á starfsfólk væri mikið.

### Skólalóðin

Nokkrir foreldrar gerðu athugasemdir við skólalóðina, einkum að ekki væru skil á milli hennar og bílastæða og hringtorgsins.

### Mötuneytið

Mjög mikil ánægja kom fram hjá foreldrum með þá nýjung að bjóða nemendum í 1. – 4. bekk upp á ávexti á morgnana. Nokkrir nefndu að skammtarnir væru of litlir og einnig kom fram að sumir ávextir væru vinsælli en aðrir.